

Verkferlar Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga vegna samræmdrar móttöku flóttafólks

Tilvísun

1. Málstjóri fyllir út tilvísunareyðublað í samráði við þátttakanda þar sem grunnupplýsingar um hann koma fram, svo sem nafn, kyn, aldur, þjóðerni, tungumálakunnátta og menntun. Málstjóri sendir þann hluta einstaklingsáætlunar er varðar atvinnumál og virkni með tilvísuninni til VMST Taka skal fram hvort viðkomandi sé í atvinnuleit eða eingöngu að koma á námskeið.
2. Þegar tilvísun berst til Vinnumálastofnunar er henni vísað til ráðgjafa sem hafa sérhæft sig í þjónustu við flóttafólk.

Undirbúningur og vinnsla

3. Ráðgjafi VMST boðar þátttakanda í viðtal innan tveggja vikna frá því að tilvísun berst.
4. Ráðgjafi VMST lýkur áætlun í samvinnu við þátttakanda þar sem sérstaklega er tiltekin náms- og/eða atvinnuleitar áætlun og sendir svo til málstjóra.
5. Í þeim tilfellum sem málstjóri telur þörf á leggur hann til að fyrsta viðtal Vinnumálastofnunar með flóttamanni verði einnig með málstjóra. Að auki getur ráðgjafi Vinnumálastofnunar óskað eftir að hann og málstjóri eigi sameiginlegan fund með flóttamanni eftir að tilvísun hefur borist til Vinnumálastofnunar.
6. Ráðgjafi VMST skráir þátttakanda á náms- eða starfstengd virkniúrræði, til dæmis námskeið í íslensku og samfélagsfræðslu, í samráði við þátttakanda og skv. áætlun. Ráðgjafi VMST getur einnig aðstoðað þátttakanda við að fá starfsheiti sitt metið á Íslandi.

Eftirfylgni

7. Ráðgjafi VMST fylgir eftir náms- og atvinnuleitaráætlun með reglulegum viðtölum við þátttakanda.
8. Eftirfylgni mála fer fram á reglulegum fundum ráðgjafa VMST og málstjóra þar sem farið er yfir ný og eldri einstaklingsmál þátttakanda í viðkomandi sveitarfélagi/hverfi sbr. liður 5. Aðilar (VMST og félagsþjónustan) koma sér saman um tilhögun funda en að lágmarki skal fundað á 3ja mánaða fresti.
9. Ráðgjafi VMST og málstjóri geta kallað eftir aukafundi eða símafundi varðandi einstaka mál eftir þörfum, með eða án þátttakanda.
10. VMST stefnir að því að málstjórar fái skoðanaaðgang að Galdri, nýjum upplýsingavef VMST sem verið er að setja upp, til að fylgja eftir mætingum þátttakanda á námskeið VMST.
11. Ef þátttakandi mætir ekki í viðtöl hjá ráðgjafa VMST eða mætir ítrekað ekki á námskeið er málstjóri upplýstur um það og tilvísun vísað til baka. Málstjóri er látinn vita að vinnslu í málinu sé hætt og hvers vegna. Málstjóri hefur samband við þátttakanda og metur framhaldið. Ekkert er því til fyrirstöðu að vísa þátttakanda aftur í þjónustu þegar hann er tilbúinn.